

Bæjarstjórn - 1970

FUNDARBOÐ

**1970. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 11.
febrúar 2026 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar

Breytingar á fulltrúa Samfylkingar í fræðsluráði.

2. 2601011 - Brunnás 9, umsókn um lóð

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 5.febrúar sl.

Lögð fram umsókn Viss verk ehf. um lóðina nr. 9 við Brunnás.

Bæjarráð samþykkir umsóknina og leggur til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

3. 2601010 - Brunnás 11, umsókn um lóð

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 5.febrúar sl.

Lögð fram umsókn Ívars Hauks ehf. um lóðina nr. 11 við Brunnás

Bæjarráð samþykkir umsóknina og leggur til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

4. 2601633 - Brunnás 18, umsókn um lóð

10.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 5.febrúar sl.

Lögð fram umsókn SG eigna ehf. um lóðina nr. 18 við Brunnás

Bæjarráð samþykkir umsóknina og leggur til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

5. 2601425 - Frítt í strætó fyrir 12-17 ára ungmenni

11.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 5.febrúar sl.

Lögð fram svör við fyrirspurn Samfylkingarinnar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkir að frá 1.júní næstkomandi verði endurgjaldslaust í Strætó fyrir öll hafnfirsk ungmenni til 18 ára aldurs. Kostnaður er á yfirstandandi ári um 28 milljónir króna. Breytingar verði gerðar á gildandi fjárhagsáætlun til að fjármagna þessa réttarbót og það gert með aðhaldi og sparnaði; með sérstakri sjálfstæðri tillögu, þar sem samþykkt verður að lækka kostnað við aðkeypta þjónustu um 30 milljónir.

Bæjarráð samþykkir að vísa framlagðri tillögu til bæjarstjórnar.

6. 2501113 - Suðurhöfn, breyting á deiliskipulagi

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 5.febrúar sl.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 8. október 2025 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi suðurhafnar vegna áforma um byggingu Tækniskóla á svæði sem afmarkast af Óseyrargötu, Fornubúðum og Cuxhavengötu. Tillagan var í kynningu 16.10-28.11.2025. Samantekt athugasemda og svör voru lögð fram á fundi skipulags- og byggingaráðs 22.1.2026.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör skipulagsdeildar og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærða tillögu að breytingu á deiliskipulagi suðurhafnar og að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög.

Fulltrúar Samfylkingarinnar fagna uppbyggingu Tækniskólans á Suðurhöfn sem hefur alla burði til að vera lyftistöng fyrir bæjarfélagið, efla mannlíf og verk- og tæknimenntun í landinu. Einnig orðið lykilþáttur í umbreytingu Suðurhafnar til framtíðar.

Í greinargerð deiliskipulagsins er áhersla á vistvænar samgöngur, en jafnframt gert ráð fyrir verulegri aukningu bílaumferðar eða 4.500-5.500 ökutæki á sólarhring. Þessu til viðbótar eru áform um 1300 íbúða í næsta nágrenni við Óseyrarbraut og Hvaleyrarbraut eða um 3500 íbúar. Við þetta bætist umferð vegna starfsemi fyrirtækja á hafnarsvæðinu, s.s. þungaflutningar. Núverandi gatnakerfi er nú þegar komið að þolmörkum og þær fáu hugmyndir sem nefndar hafa verið til lausnar munu ekki leysa þann vanda. Fulltrúar Samfylkingarinnar kalla ákveðið eftir því að raunhæfar og gagnlegar tillögur verði lagðar fram í samgöngumálum á svæðinu og leitað samráðs við Vegagerðina.

Þá er áréttað að enn er ósamið við þrjá lóðarhafa innan svæðis Tækniskólans sbr. fyrrspurn fulltrúa Samfylkingarinnar í bæjarraáði frá 26. janúar. Hér er komin upp óvenjuleg staða þar sem skipulagið skólans er fullklárað, en samningaviðræður við lóðarhafa hafa staðið yfir í meira en 5 ár með engu árangri. Nú er nauðsynlegt að málinu verði fylgt eftir að festu svo tímaáætlanir um uppbyggingu skólans fái staðist. Í þessu sambandi minna fulltrúar Samfylkingarinnar á tillögu þess efnis að setja á fót samninganefnd þriggja kjörinna fulltrúa til þess að hraða vinnslu málsins.

7. 2601512 - Flensborgarhöfn, deiliskipulag

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 5.febrúar sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flensborgarhafnar í samræmi við breytingu á aðalskipulagi sem nú er í auglýsingu. Breytingin felst í að heimilað verði að byggja 3 hæðir og ris á svæðinu, að fallið sé frá því að á öllum jarðhæðum svæðisins skuli vera verslun og þjónusta og að leitast skuli eftir

fremsta megni að tryggja sjónræn tengsl milli hafnar og nærliggjandi byggðar með sjónlínum milli húsa.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Flensborgarhafnar samhliða breytingu á aðalskipulagi og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

8. 2512025 - Snókalönd, breyting á deiliskipulagi

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 5.febrúar sl. Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Snókalanda auk umsagna Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness og umhverfis- og veitustjóra Hafnarfjarðarbæjar. Tillagan gerir ráð fyrir nýjum byggingarreit, BR2, fyrir allt að 18 kúluhús ásamt viðbyggðu baðherbergi. Á núverandi byggingarreit, BR1, er gert ráð fyrir tveimur þjónustubyggingum til viðbótar við núverandi byggingar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Snókalanda og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2511390 - Óseyrarbraut 26, breyting á deiliskipulagi

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 5.febrúar sl. Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi Óseyrarbrautar 26 ásamt bókun Hafnarstjórnar frá 21.1.sl. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits, aukningu nhl., hámarkshæð verði 16m, kvöð um lagnir í jörð á lóðinni aflögð, þakform verði frjálst hækkun á gólfkóta. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Óseyrarbrautar 26 og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar vísa til bókunar sinnar í Hafnarstjórn 21.1.2026.

10. 2005180 - Samgöngusáttmáli

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Umræður um fyrirkomulag samgönguendurbóta á Reykjanesbraut, milli hringtorgs við Lækjargötu og meðfram Kaplakrika og þá valkosti sem liggja til grundvallar. Tillaga lögð fram.

11. 2505128 - Elliðavatnsvegur, Flóttamannaleið (410-02)

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Umræður um endurbætur á veginum. Tillaga lögð fram.

12. 1809298 - Tækniskólinn, nýbygging, erindi

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Umræður um stöðu málsins, m.a. um stöðu uppkaupa á lóðum vegna nýs Tækniskóla á Suðurhöfn.

13. 2602171 - Samgöngur á hafnarsvæði

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá til að ræða stöðu umferðarmála á hafnarsvæðinu í tengslum við komu Tækniskólans og

uppbyggingar nýrrar íbúðabyggð m.a. út frá nýrri skýrslu Eflu um málið. Tillaga lögð fram.

Fundargerðir

14. 2601097 - Fundargerðir 2026, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fjölskylduráðs frá 3.febrúar sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 5.febrúar sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 21.janúar sl.

b. Fundargerð stjórnar Hafnarborgar frá 16.desember sl.

c. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 23.janúar sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 19.janúar sl.

e. Fundargerð stefnuráðs byggðasamlaganna frá 7.nóvember sl.

f. Fundargerð eigendafundar Sorpu bs. frá 19.janúar sl.

g. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 23.janúar sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 5.febrúar sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 4.febrúar sl.

a. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 23.janúar sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 4. febrúar sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 27.janúar sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 9.febrúar sl.

09.02.2026

Valdimar Víðisson bæjarstjóri